

**Nr. 023 / 11 Þórir SF 77*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2731  
Smíðaður: Taiwan 2009, stál  
Stærð: 383,2 bt.  
Mesta lengd: 28,88 m Skráð lengd: 26,3 m  
Breidd: 9,2 m Dýpt: 6,8 m  
Vél: Mitsubishi 523 kW, 2006  
Fjöldi skipverja: 10



Þórir©Guðmundur St. Valdimarsson

**Gögn:**

Gögn frá skipi  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 23. febrúar 2011 var Þórir SF 77 á netaveiðum á SA miðum. Veður: NA 10 m/s og ölduhæð 2,8 m.

Skipverji var að vinna á vinnsluþilfari og ætlaði að forða því að fiskur lenti undir færíbandi. Þegar hann stókk til missti hann jafnvægið og féll á lúgukarm í rýminu og lenti efri hluti líkamans niðri í karminum en neðri hlutinn var á þilfarinu. Við þetta missti hann andann og allan mátt.

Slasaði var aðstoðaður inn í íbúðir þar sem hann jafnaði sig á andþrengslunum en var mjög þjáður. Við komu skipsins til hafnar seinna um daginn var honum komið til lækni en hann var rifbrotinn og bólginn.

**Við rannsókn kom fram:**

- að slasaði stóð við úrgreiðsluborðið framan við rennu sem fest er utan á borðið en hún beinir fiskinum niður á færíbandið undir borðinu. Hún þrengir einnig leiðina aftur á þilfarið;
- að skipsfélagi, sem stóð við hlið hans, missti fisk í dekkið þar sem sjór streymdi. Ætlaði hann að koma í veg fyrir að hann rynni undir færíböndin;
- að þar sem erfitt er að ganga eðlilega framhjá rennunni þurfa sumir að skáskjóta sér vegna þrengsla. Það var slasaði að gera í flýtinum við að góma fiskinn áður en hann rynni, á næstu öldu, undir búnað sem stóð á þilfarinu. Hann sagðist ekki hafa náð öðrum fætinum fram fyrir til að bera hann fyrir sig og jafnframt hafi skipið fallið fram af báru sem hafi hjálpað

til að fallið hafi orðið harðara en ella. Hann hafi ekki heldur náð að bera hendurnar fyrir sig;

- að slasaði sagði að engin fita (grútur) hafi verið á göngugrindunum eða undir stígvélasólunum heldur hafi fóturinn eitthvað flækst fyrir honum þegar hann var að smokra sér framhjá rennuni.

*Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.